

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/489**  
**komudagur 2.12.2013**

Atvinnuveganefnd Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

**Efni: Umsögn um frumvarp nr. 153., varðandi úthlutun aflahlutdeildar í rækju.**

Vísað er til bréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 18. nóvember 2013.

Soffanías Cecilsson hf., er eigandi að skipinu Sigurborgu SH. 12. Sigurborg SH. hefur stundað veiðar á úthafsækjurækju á hverju fiskveiðiári frá fiskveiðiárinu 1999/2000.

Löngu fyrir þann tíma að Soffanías Cecilsson hf. eignaðist skipið Sigurborgu SH. hafði fyrirtækið reynslu af veiði úthafsækju. Þegar sjávarútvegsráðherra ákvarðaði að takmarka veiðar á úthafsækju, það er á fiskveiðiári sem hófst 1. janúar 1991 var Soffaníasi Cecilssyni hf. úthlutað hlutdeild í heildarúthlutun úthafsækju sem fól í sér töluverða skerðinga á sókn félagsins í úthafsækju.

Vegna lítillar sóknar útgerða í úthafsækju á árunum 2004 til 2010 ákvað ráðherra með reglugerð nr. 588 frá 15. júlí 2010 að gefa veiðar á úthafsækju frjálssar.

Að mati Soffaníasar Cecilssonar hf. voru takmarkanir á veiði úthafsækju felldar niður og lágu að baki þeirri ákvörðun ráðherra málefnalegar ástæður, það er sókn í úthafsækju var langt innan þeirrar tillögu sem hafrannsóknarstofnun hafði ráðlagt ráðherra mörg undanfarin ár, og varð þjóðarþúið af tekjum vegna lítillar sóknar útgerða í úthafsækju.

Þegar frumvarp til laga um stjórn fiskveiða voru til umræðu hjá efri deild og neðri deild sjávarútvegsnefnda Alþingis á árinu 1990, var fyrirbyggjandi álitssgerð Lagastofnunar Háskóla Íslands sem samin var af Sigurði Líndal og Tryggva Gunnarssyni, en álitssgerðin er dagsett 1. maí 1990. Í niðurlagi álitssgerðarinnar (blaðsíðu 22) kemur fram: „Atvinnuréttindi þessi fela ekki í sér neinn einkarétt, ef takmarkanir á fiskveiðum yrðu felldar niður að einhverju eða öllu leyti.“

Þegar ráðherra ákveður í reglugerð að gefa veiðar á úthafsækju frjálssar falla ekki þá þegar niður eldri aflahlutdeildir í úthafsækju, og mætti deila um skiptingu aflahlutdeilda, að mati Soffaníasar Cecilssonar hf., hefði frjálss veiði á úthafsækju tekið til skemmri tíma en þriggja fiskveiðiára. Hins vegar er ákvæði 9. gr. laga um stjórn fiskveiðar er ótvírætt, að mati Soffaníasar Cecilssonar hf., þegar frjálssar veiðar á úthafsækju hafa verið stundaðar í þrjú veiðitímabil.

*„9. gr. Verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra sem samfelld veiðireynsla er á, en ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla, skal aflahlutdeild úthlutað á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila.“*

Það er grundvöllur fiskveiðistjórnunar að þeir sem hafa yfir að ráða fiskiskipi með veiðileyfi er frjálst að stunda veiðar nema veiðar séu takmarkaðar, samanber 8. gr. laga um stjórn fiskveiða:

*„8. gr. Veiðar á þeim tegundum sjávardýra, sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr., eru frjálssar öllum þeim skipum, sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr., með þeim takmörkunum sem leiðir af*

*almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri og veiðitíma.*

*□Veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildarafl er takmarkaður af, skal úthlutað til einstakra skipa. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Nefnist það aflahlutdeild skips og helst hún óbreytt milli ára.“*

Í frumvarpi sem merkt er þingmál 153 er gert ráð fyrir því, að mati félagsins, að úthlutun veiðiheimilda styðjast við annað en gildandi lög. Það er afstaða Soffaníasar Cecilssonar hf. að miða beri setningu aflahlutdeilda í úthafsækju við aflareynslu síðustu þriggja fiskveiðiára fyrir ákvörðun um takmörkun heildarafla í úthafsækju, líkt og lög um stjórn fiskveiða ákvarða.

„Þá er með frumvarpinu lagt til að rækjustofninn við Snæfellsnes, þ.e. í Kolluál, Jökuldjúpi og sunnanverðum Breiðafirði, verði hlutdeildarsettur sérstaklega og þannig meðhöndlaður sem sjálfstæður veiðistofn samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða“ . Soffanías Cecilsson hf hefur stundað rækjuveiðar óslitið síðan 1968 eða í nær 45 ár og mest á umræddu svæði. Ég mótmæli þessu harðlega, og tel enga þörf á því að hlutdeildarsetja þennan stofn sérstaklega og stjórna veiðunum með þeim hætti. En geta má þess að það eru takmarkanir á veiði á þessu svæði eftir stærð og afkastagetu skipa, þessar takmarkanir hafa gengið vel gegnum árin og engin ástæða til að kollvarpa því. Til að forðast að veitt sé of mikið á þessu svæði er einfaldast að loka svæðinu fyrir rækjuveiðum þegar heildarafla er náð að mati Hafró og þá færa skipin sig einfaldlega til eins og þau hafa alltaf gert.

Grundarfirði, 2. desember 2013,  
fyrir hönd Soffaníasar Cecilssonar hf.

---

Sigurður Sigurbergsson, framkv. stj.